

AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu
Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps.**

Með vísan til 2. mgr. 91. gr. og 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 18. mars 2002 staðfest sameiningu Biskupstungnahrepps, Laugardalshrepps og Þingvallahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákvæðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga í eitt sveitarfélag skal taka gildi 9. júní 2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum þremur sveitarfélögum.

Íbúar hinna þriggja sveitarfélaga skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttiindi og skyldur sem tilheyra þessum þremur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn allra sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosning sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags skal fara fram þann 25. maí 2002, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Kjósa skal sjö fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar þrjár kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórn, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar.

Samhliða sveitarstjórnarkosningum verður gerð skoðanakönnun um nafn hins sameinaða sveitarfélags samkvæmt tillögum framkvæmdanefndar sem áður skal auglýsa eftir hugmyndum að nafni. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. mars 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

AUGLÝSING

**um nafn sameinaðs sveitarfélags í austanverðu
umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem verður til við sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarrepps og Hvolvrepps, sbr. auglýsingu nr. 131/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Rangárþing eystra og tekur sameiningin gildi hinn 9. júní 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. mars 2002.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.